

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið  
b.t umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hornafirði, 11. febrúar 2021  
nr. erindis 202101117 ARP

### **Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til innheimtu umhverfisgjalda**

Á fundi umhverfis-og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar 3. febrúar s.l. var samþykkt að senda inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

Umsögnin er svo hljóðandi:

Umhverfis-og skipulagsnefnd telur það vera almennt jákvætt skref í umhverfis og loftslagsmálum ef innleidd verða umhverfisgjöld handa sveitarfélögum. Mikilvægt er að það verði hagkvæmara að velja umhverfisvænar vörur. Sveitarfélagið fylgist ekki með sölu eða notkun á spilliefnum eða orkugjöfum í sveitarfélaginu og því mikilvægt að hugsa vel hvernig á að útfæra slíka gjaldtöku á vegum sveitarfélaga.

Nefndin varar hins vegar við hækkunum á gjöldum á einkabílum. Íbúar í dreifbýli verða að geta treyst því að komast leiðar sinnar á einkabílum þegar engir aðrir samgöngumöguleikar eru fyrir hendi. Hækkun gjalda á einkabílum ýtir undir ójafnvægi varðandi búsetu í dreifbýli.

Einnig er nauðsynlegt að skoða vel hvernig á að innheimta umhverfisgjöld af bílaleigubílum. Þeir eru í flestum tilfellum skráðir á höfuðborgarsvæðinu en keyra að mestum hluta úti á landi. Sveitarfélagið Hornafjörður fer ekki varhluta af mikilli bílaumferð hvort sem er bílaleigubílar og/eða flutningabílar.

Það er mat sveitarfélagsins að við mótun tillögunnar sé mikilvægt að líta til þarfa dreifbýlla svæða. Þar sem eru tiltölulega fáir íbúar í sveitarfélaginu en mikið um ferðamenn og engar tekjur skila sér vegna þeirra til að mæta umhverfisáhrifum, þjónustu við þá eða uppbyggingu á innviðum.

Virðingartýllt  
  
Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
umhverfisfulltrúi  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar